

MINNISBLAÐ

Til: Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Frá: Hagræði hf.
Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 (þingmál 601)
Dags: 9. apríl 2002

Með vísan til frumvarps til breytinga á lyfjalögum nr. 93/1994 (þingmál 601) sem nú liggur fyrir Alþingi og er til meðferðar í heilbrigðis- og trygginganefnd þingsins, vill umbjóðandi okkar, **Hagræði hf.** sem rekur lyfjabúðirnar **Lyf & heilsu**, koma á framfæri eftirfarandi **athugasemdum**.

1. Aukin mönnun í apótekum

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á 28. gr. laganna í þá veru að ávallt skuli vera tveir lyfjafræðingar á vakt í hverju apóteki, með þröngum undanþáguheimildum ef umfang starfsemi er "lítið" og hætta er á að starfræksla lyfjabúðar falli niður á "svæðinu". **Hagræði hf. mælist gegn því að breytingarnar verði samþykktar af neðangreindum ástæðum:**

- Stöðugildi lyfjafræðinga í hverju apóteki þurfa að verða 2,84 svo frumvarpinu verði framfylgt, þ.e. að teknu tilliti til matar- og kaffitíma, opnunartíma, orlofs o.s.frv.
- Breytingin hefur því í för með sér kostnaðarauka fyrir sjúklinga því án efa leiðir breyting sem þessi til hækkunar á lyfjum vegna hærri rekstrarkostnaðar.
- Tilfinnanlegur skortur er á lyfjafræðingum svo ekki verður séð hvernig breytingunni verður framfylgt. Lætur nærri að 78 lyfjafræðinga þurfi strax til viðbótar við þá sem eru nú starfandi svo hægt sé að framfylgja breytingunni.
- Breytingin felur í sér ákveðna mismunum því svo virðist sem verið sé að búa til sérreglu fyrir landsbyggðarapótekin.
- Ekki hefur verið sýnt fram á að breytingin sé nauðsynleg til að markmiðinu um öruggari lyfjaafgreiðslu verði náð, þ.e. meðalhófsreglunnar hefur ekki verið gætt.
- Í nágrannalöndunum er verið að fara þá leið að útvíkka vald lægra settra starfsmanna apóteka en ekki fjölga lyfjafræðingum.
- Afgreiðsla lyfja verður sífellt tölvuvæddari og þar með öruggari í alla staði. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að fjölga lyfjafræðingum til að ná fram markmiðinu um öruggari lyfjaafgreiðslu.
- Ætla má að breytingin hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð þar sem lyfjaverð mun að öllum líkindum hækka vegna aukins rekstrarkostnaðar.
- Óljóst er hvert viðmið um að "umfang starfsemi sé lítið". Ákvæðið er mjög erfitt í túlkun og framkvæmd.
- Hvað telst "svæði", þ.e. hver er mælikvarði á að hætta sé á að þjónustan leggist niður á "svæðinu"?

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907

- Lagatæknilega er gælli á breytingartillöggunni þar sem viðbótarmálsliður 1. mgr. 28. gr. virðist fela í sér aðra efnisreglu en sá málsliður sem nú er síðasti málsliður málsgreinarinnar (fellur ekki brott skv. frumvarpinu). Í raun eru þetta tvær ósamhljóða reglur.

Tillaga Hagræðis hf. er sú að ákvæði 28. gr. lyfjalaga verði óbreytt en leiðbeiningareglur verði settar um beitingu ákvæðisins.

2. Leyfi til reksturs lyfjabúða

2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir breytingu á 21. gr. laganna á þann veg að rekstraraðili lyfjabúðar þurfi leyfi ráðherra til rekstursins. Fjölmargar spurningar vakna við lestur ákvæðisins s.s.:

- Hver eru skilyrði leyfis rekstraraðila?
- Má lyfsöluleyfishafi hefja rekstur þó rekstraraðili hafi ekki fengið leyfi sitt útgefið?
- Er um að ræða viðbótarleyfi við leyfi lyfsöluleyfishafa?
- Bera lyfsöluleyfishafi og rekstraraðili in solidum ábyrgð á rekstrinum?
- Hvað ef annar brýtur af sér en ekki hinn, má þá afturkalla leyfi beggja?
- Ef annað leyfið er afturkallað, má þá halda starfsemi áfram?

Hagræði hf. leggur því til að farið verði mun betur yfir markmið og tilgang þess að setja ákvæði um rekstrarleyfi lyfjabúða í lyfjalög áður en slíkt ákvæði verður lögfest.

Óskað er eftir fundi með heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis þar sem gerð verður frekari grein fyrir framangreindu álitum Hagræðis hf.

Heimilisfang:

LOGOS – lögmannsþjónusta síðan 1907 sf. Kt. 460100-2320

Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Sími: 5 400 300 Bréfasími 5 400 301

Netfang: logos@logos.is Veffang: www.logos.is